



Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. maí 2023
23051842/005.05 ÁH

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa varðandi nýbyggingu Kársnesskóla.

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig Kópavogsbær hefur hagað undirbúningi til að að klára nýbyggingu Kársnesskóla í kjölfar riftunar verksamnings við aðalverktaka verksins.

Stöðuúttekt verksins er lykilþáttur í undirbúningi á þeim aðgerðum sem fara þarf í til að klára verkið. Mikilvægt er að vanda til verka í stöðuúttekt og hefur hún verið undirbúin vel. Verkfræðistofan Efla var fengin til að framkvæma úttektina og hefur undirbúningsvinna farið fram með fulltrúum verkkaupa og byggingarstjóra verksins. Úttektin fer fram eftirfarandi:

22.maí – verkstaða tekin út
26. maí – fyrsti hluti gæðaúttektar
31. maí – annar hluti gæðaúttektar
1.júní – þriðji hluti gæðaúttektar
Þörf metin á fleiri úttektardögum
Úrvinnsla gagna

Að svo stöddu er of snemmt að kynna hugmyndir og hvað þá samninga um verkið þar sem enn er verið að vinna í stöðuúttektum með byggingarstjóra og verkfræðistofunni Eflu. Farið verður ítarlega yfir nákvæma stöðu verksins og hvort gæði á þeim þáttum sem unnir hafa verið af fyrri aðalverktaka standist kröfur verksamnings.

Samhliða stöðuúttekt hefur yfirtaka aðstöðu og búnaðar á verkstað farið fram í samráði við fráfarað aðalverktaka.

Ekki síst hafa átt sér stað viðræður við helstu lykilverktaka og birgja um mögulegt áframhald í verkinu.

Allur þessi undirbúningur fer fram undir leiðsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar.

Virðingarfyllt,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs



Κόπavo

